

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017,
frístundabyggð í landi Þrastarhóls.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 31. mars 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017 frá 7. desember 1998.

Breytingin felst í því að fyrirhugað er nýtt 6,6 ha svæði fyrir frístundabyggð í landi Þrastarhóls sem nú er skilgreint sem lögbýli, tún og opið svæði. Vegtenging að svæðinu verður um heimreið að Þrastarhóli frá Þjóðvegi nr. 213 sem tengist Ólafsfjarðarvegi nr. 82. Gert er ráð fyrir sjö húsum á hinu nýja svæði.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 31. mars 2010.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

B-deild – Útgáfud.: 20. apríl 2010